

Skýrsla 2005

Skóli á grænni grein



Leikskólinn Andabær Hvanneyri

Umsókn um Grænfána

Haustið 2004 var ákveðið á starfsmannafundi að sækja um Grænfánann. Fyrsta skrefið var því að láta vita af okkur og sóttum við því um að verða skóli á grænni grein hjá Landvernd. Í Andabæ eru tvær deildar, hvor um sig með 15 börn og eru því 30 börn á aldrinum 2 – 6 ára á leikskólanum. Á yngri deild starfa 1 leikskólakennari og tveir leiðbeinendur. Á eldri deild starfa tveir leikskólakennarar. Síðan er einn matráður, einn ræstitæknir og síðan leikskólastjóri.

Umhverfisnefndin

Leikskólastjóri og deildarstjórar Andabæjar ákváðu að biðja Sólrúnu Höllu Bjarnadóttur leikskólakennara að taka að sér verkefnastjórnun en hún starfar á eldri deild leikskólans. Þá var valinn starfsmaður af yngri deild, Anna Sigríður Hauksdóttir sem er leiðbeinandi. Matráðurinn Gro Jorunn Hansen er einnig í nefndinni og síðan leikskólastjórinn Valdís Magnúsdóttir. Mannabreytingar í starfi ræstitækis eru tíðar þannig að ákveðið var að sleppa því að hafa hann með í ráðum þar sem leikskólastjóri sér einnig um að panta inn fyrir hann. Við ákváðum að tala við foreldri sem er í stjórn foreldrafélagsins um að vera með okkur og hann samþykkti það. Hann heitir Helgi Björn Ólafsson og er með barn á yngri deild leikskólans.

Við reynum að funda einu sinni í mánuði en það mun líklega líða lengra á milli þegar þessari upphafsvinnu er lokið. Við ætlum þó að reyna að láta ekki líða meira en tvo mánuði á milli. Hér kemur dæmi um fundargerð:

Umhverfisnefndarfundur 19. nóvember 2004

- Þeir sem voru mættir: Sólrún Halla verkefnastjóri, Anna Sigríður fyrir Álfheima, Valdís leikskólastjóri og Gro matráður.
- Ákváðum að tala við Helga Björn(föður Einars Ágústs), um hvort hann vildi sitja með okkur í umhverfisnefnd fyrir hönd foreldra. Við tókum einnig þá ákvörðun að hafa ekki barn með okkur í nefndinni heldur að nýta frekar samverustundir til að fá tillögur og hugmyndir hjá börnunum.
- Fórum í gegnum gátlista sem gefinn er út af Landvernd, skildum hluta eftir sem Sólrún Halla ætlar að fara yfir með börnunum. Margt sem er ábótavant, en ætlum að gera betur fyrir vorið.
- Það var ákveðið að búa til skilti sem væri hengt utan á húsið, þar sem foreldrar eru beðnir um að drepa á bílunum. Sólrún ætlar að taka það að sér að búa það til en leyfa börnunum að skreyta það og Valdís ætlar að panta plötu til að mála á.
- Búa til miða sem segir börnum og fullorðnum að spara vatnið með því að skrúfa fyrir þegar ekki er verið að nota vatnið.

- Hafa föturnar undir lífrænan mat meira sýnilegan. Nýta borðstjórana betur og láta þá fara með matarvagninn fram og setja afganginn af matnum í ákveðinn dall hjá Gro í eldhúsinu. Seinna munum við fylgja lífræna úrganginum eftir og elta hann út að ruslafötu og síðan alla leið í Moldu við rannsóknarhúsið.
- Sú ákvörðun var einnig tekin að hafa tuskur á matarvögnunum til að börnin gætu sjálf þurrkað upp eftir sig ef þau sula yfir matarborðið. Ekki nota pappír.

Mat á stöðu umhverfismála

Á starfsmannafundi í október 2004 var farið lauslega yfir umhverfismálin í leikskólanum og ákveðin þau markmið sem ná skyldi. Á þeim fundi sáum við ýmislegt sem betur má fara á leikskólanum og ákváðu því starfsmenn leikskólans að taka sig á í þessum málum. Á umhverfisnefndarfundum í lok nóvember fórum við yfir gátlistann frá Landvernd en ákváðum að skilja eftir hluta af honum til þess að fara í gegnum með börnunum. Við ætlum að nýta samverustundirnar í að fara yfir gátlistann með börnunum og til þess að fá hugmyndir hjá þeim um það hvernig hægt er að vernda umhverfið og hugsa vel um það. Um miðjan febrúar 2005 var aftur farið yfir hann og fylgir eintak með þessari skýrslu.

Áætlun um aðgerðir og markmið

Markmið okkar eru þessi:

1. Safna lífrænum úrgangi og fara með hann í Moldu:

Í hverjum matmálstíma hvetjum við börnin til þess að klára af diskunum, en ef það er ekki hægt þá er afgangurinn settur í fötu sem fer síðan í aðra fötu inn í eldhúsi. Þaðan fara afgangarnir út í ruslatunnu og þangað kemur starfsmaður og sækir pokana og tæmir í stóra jarðgerðarvél sem er kölluð Molda og vinnur á öllum lífrænum úrgangi sem til fellur frá heimilum á Hvanneyri.



Vegna þess að lífrænn úrgangur er sóttur heim að dyrum aðra hverja viku, höfum við ekki verið að fá okkur tunnu á leikskólalóðina. Í hvert skipti sem okkur vantar mold getum við fengið hana úr Moldu.

2. Safna rafhlöðum og fara með þau á förgunarstöð:

Börn, foreldrar og starfsmenn geta komið með rafhlöður í leikskólann og við komum þeim á förgunarstöð. Þar með minnka líkurnar á því að fólk sé að henda þessu í venjulegt rusl.

3. Endurnýta og endurvinna allan fínan pappír:

Við reynum að fá allan pappír til föndurs og myndlistar gefins frá hinum og þessum. Við nýtum báðar hliðar á pappírnum, t.d. þegar hafa verið hengdar upp auglýsingar þá getum við nýtt bakhlið þeirrar auglýsingar til þess að teikna aftan á hann. Ef við erum búin að fullnýta pappírinn þá rífum við hann niður og búum til nýjan pappír.



4. Nýta matarílát í föndur, leik og fleira:

Við reynum að nýta allar matarumbúðir sem eru tóm úr eldhúsinu. Við höfum líka verið að ítreka fyrir börnunum að þau megi endilega koma með umbúðir að heiman en auðvitað bara ef mamma og pabbi leyfa. Einnig var yngri deildin að byrja með könnunarleikinn um áramótin og þar er verið að nota það sem til fellur úr eldhúsi og af heimilum.

5. Safna kertaafgöngum og nýta þá:

Við tökum á móti kertaafgöngum og nýtum þá til þess að búa til ný kerti. Þar reynum við einnig að nýta allan þann kertapráð sem kemur til þess að búa til ný kerti.

Starfsmenn leikskólans settu markmiðin og umhverfisnefndin fór svo yfir þau. Það hefur gengið mjög vel að ná settum markmiðum. Starfsmenn hafa verið duglegir að virkja börnin að koma með kerti, rafhlöður eða tóm matarílát að heiman. Það hefur gengið svo vel að börnin eru farin að háma í sig matinn heima við til þess að geta komið með ílát í leikskólann til að leika með eða föndra.

Eftirlit og endurmat

Fyrst þegar við vorum að meta hvernig staðan væri á leikskólanum fórum við yfir gátlistann sem Landvernd hefur á heimasíðu sinni. Eftir það hefur það komið í hlut umhverfisnefndar að halda áfram að hvetja starfsmenn leikskólans til þess að fylgja þessu eftir. Einnig nýtum við samverustundirnar til þess að spjalla við börnin um markmið leikskólans og hvernig við getum bætt þau.

Þegar deildarfundir og starfsmannafundir eru segjum við frá því sem umhverfisnefndin er að gera og þeim hugmyndum sem koma upp á umhverfisnefndarfundum. Þá fáum við líka hugmyndir frá öðrum starfsmönnum leikskólans um það sem við getum bætt okkur í að gera.

Við munum svo reglulega fara yfir gátlistann til að sjá hvernig við erum að bæta okkur í umhverfismennt. Það gerir umhverfisnefndin með aðstoð elstu barnanna á leikskólanum. Hvatning og hrós gera ávallt góða hluti og starfsmenn leikskólans hvetja hvern annan til þess að fylgja markmiðum eftir og aðstoða börnin við að framfylgja markmiðunum.

Fræðsla

Börnin á leikskólanum eru frædd um umhverfismál í samverustundum, hópstarfi og útiveru. Þar hvetjum við börnin til þess að taka eftir umhverfi sínu og hugsa vel um það. Þegar farið er í göngutúra erum við að skoða það sem er í kringum okkur og hvernig við getum nýtt okkur það sem er í umhverfi okkar til myndverka og fleira. Þá er ekki bara kannað hvað er hægt að nota heldur einnig að geta setið á ákveðnum stað og teiknað umhverfi sitt.

Þessa dagana erum við með þemað hreyfingu og förum við þá oftast í gönguferðir til skoða hina og þessa staði á Hvanneyri. Á eldri deildinni á leikskólanum er hvor hópur með sinn stað út í náttúrunni. Hópurinn sér um halda sínum stað hreinum og hugsa vel um hann. Á sumrin er farið í gönguferðir einu sinni í viku og jafnvel oftast til að börnin kynnist umhverfinu í kringum leikskólann. Einnig höfum við ákveðið að hafa matjurtagarð í sumar og hann verður staðsettur í skjólbelum Hvanneyrar. Við búum á skemmtilegum stað sem hægt er að nýta til hins ysta ef tíminn leyfði manni það, þannig að þetta er gert í ákveðnum skrefum.

Í næsta mánuði er stefnt að því að hafa rafmagnslausan dag á leikskólanum þar sem við munum ekki kveikja nein ljós og reyna að hafa kveikt á sem minnstu af

rafmagnstækjum. Á leikskóla getur t.d. verið erfitt að sleppa uppþvottavélinni og þvottavélinni en við ætlum að gera okkar besta til að hafa daginn rafmagnslausan.

Við höfum ekki þróað neitt sérstakt námsverkefni um umhverfismál en stefnum að því. Við munum nýta vorið og sumarið eftir okkar bestu getu til þess að sinna þeirri áskorun. Hugurinn ber mann hálf leið.

Kynning á stefnunni

Við höfum verið að kynna stefnuna á foreldrafundum, í fréttabréfum og hvar þar sem einhver vill hlusta. Nú er stefnt á það að gefa út sameiginlegan kynningarbækling frá leikskólanum Andabæ, Andakílsskóla og Landbúnaðarháskólanum. Einnig hefur verið haft samband við Vesturlandsblaðið Skessuhorn um að birta myndir og texta frá leikskólanum. Leikskólinn gefur út fréttabréf reglulega þar sem talað er um það sem er að gerast hverju sinni og þar hafa komið fréttir af Grænfána verkefninu. Fréttabréf með tilkynningu um Grænfánann fylgir með þessari skýrslu.

Þegar fréttist af því að leikskólinn væri orðinn skóli á grænni grein gerðust starfsmenn hans tilraunadýr heima við með nýja gerð af fötum og pokum undir lífrænan úrgang og það hefur bara gengið vel.

Umhverfissáttmálinn

Við höfum sett okkur ákveðnar starfsreglur sem við vinnum eftir. Umhverfisnefndin vann að mestu þessar reglur en þá aðallega út frá þeim markmiðum sem starfsmennirnar höfðu sett sér. Börnin tóku þátt í samverustundinni þar sem starfsmaður fór yfir markmiðin og spurði börnin hvernig væri hægt að vinna eftir þessum markmiðum og hvað þau myndu vilja gera til þess að vinna eftir þeim. Síðan fengu starfsmenn leikskólans að skoða starfsreglurnar til þess að sjá hvort að það væri hægt að bæta einhverju við eða taka út. Að lokum urðu allir sáttir og þá varð umhverfisstefna leikskólans Andabæjar að veruleika.